Akraneskaupstaður

Aðalskipulag Akraness 2005 – 2017
Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lóð: Þjóðvegur 13, 13A,15
Landnúmer: 178782,13124, 131244

4. mars. 2015

Skipulags-og umhverfissvið Akraneskaupstaðar

Efnisyfirlit

Bls.

1. Meginatriði 3
2. Staðhættir og skipulagsforsendur 3
3. Fyrirliggjandi stefna. 4
4. Áherslur bæjarstjórnar 4
5. Áætlað skipulagsferli. 4
   5.1 Verkefnalýsing. 4
      5.1.1 Auglýsing og kynning. 4
      5.1.2 Afgreiðsla athugasemda og umsagna. 4
      5.1.3 Afgreiðsla og auglýsing deiliskipulags. 4
   5.2 Umsagnaraðilar. 5

1. Meginatriði

Bæjarstjórn Akraness áformar breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017 á þann veg að núverandi óbyggt svæði við Þjóðveg verði breytt í opið svæði til sérstakra nota og stækkun á núverandi íbúðasvæði.

Unnið verður deiliskipulag svæðisins þar sem nánari grein verður gerð fyrir útfærslu, svo sem nýtingu, byggingamagni, útfærslu mannvirkja, bílastæðum og umhverfisfrágangi.

Tilefni breytingarinnar eru áform um tilraunarækt með ýmsar tegundir trjáa og matjurta, ásamt því að framleiða plötur til heildsölu. Nýting svæðisins verður skilyrt og svæðið ekki tekið til annara nota. Í deiliskipulagi verða sett ákvæði um stærð, staðsetningu og gerð mannvirkis. Einnig eru áform um að vera með ferðamannatengda þjónustu s.s hestaleigu ofl.



Mynd 1: Úr Aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017. Rauður hringur er dreginn um svæðið sem breytingin á við.

2. Forsendur

Um er að ræða nýtt skipulagssvæði með breyttri landnotkun. Svæði aðalskipulags sem um ræðir er svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi óbyggt svæði og er í eigu Akraneskaupstaðar. Á landinu er nú beitarland, mólendi og tún. Engin mannvirki eru fyrir á landinu. Ekki er skráður minjastaður/fornleifaskráning innan svæðisins.

Svæði liggur milli Akrafjallsvegar 51 og gamla þjóðvegarins, til norðurs er Þjóðvegur 17 sem er beitarland og iðnaðarsvæði I7. Til suð- vesturs er íbúðarsvæði Íb18 og óbyggt svæði.

Vegtengingar geta verið frá gamla þjóðveginum og í gegnum lóð nr.13. Í deiliskipulagi mun verða gerð grein fyrir skiptingu svæðisins og nánari útkýring á aðkomu.

3. Fyrirliggjandi stefna.

Breytingin og fyrirhuguð starfsemi styður eftirfarandi markmið gildandi aðalskipulags; (liður 3.3.6. Opin svæði til sérstakranota).

- *Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tenglsum við á starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallýbrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.*

Breytingin mun ekki hafa áhrif á aðrar áætlanir og gengur ekki gegn stefnu stjórnvalda um umhverfismál, náttúruvernd og vernd menningarminja.

4. Áherslur bæjarstjórnar

Meginmarkmið bæjarstjórnar er að styrkja bæjarfélagið og koma á móts við bæjarbúa með gróðrarstöð og styrkja ferðaþjónustu.

5. Áætlað skipulagsferli.

5.1 Verkefnalýsing.

Verkefnalýsing verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum í upphafi verks. Umsagnaraðilum er þannig gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Verkefnalýsing verður kynnt á kynningarfundi, kynnt með auglýsingu í staðarblaði, á vef Akraneskaupstaðar htt://www.akranes.is/ og verður aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18. Á kynningartíma verður almenningi gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaða breytingu.

5.1.1 Auglýsing og kynning.

Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi verði auglýst í mars 2015, með sex vikna athugasemdafresti í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Ekki er gert ráð fyrir öðrum kynningarfundi um tillöguna en vegna lýsingar.

5.1.2 Afgreiðsla athugasemda og umsagna.

Gert er ráð fyrir að skipulags- og umhverfisráð fari yfir innsendar athugasemdir við skipulagstillöguna í apríl 2015.

5.1.3 Afgreiðsla og auglýsing deiliskipulags.

Gefi innsendar athugasemdir ekki tilefni til breytinga er gert ráð fyrir að gildistaka skipulagsins verði auglýst í Stjórnartíðindum í júní 2015. Ef athugasemdir gefa tilefni til breytinga fer endanleg afgreiðsla skipulagstillögunnar eftir efni þeirra og umfangi.

5.2 Umsagnaraðilar.

Hugmyndir og tillögur eru kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin.
- Orkuveita Reykjavíkur